

4. fundur stjórnar AP, starfsárið 2014-2015

haldinn að Garðarsbraut 5 á Húsavík þriðjudaginn 24. mars 2015 kl. 15:00

Mætt: Aðalsteinn Árni Baldursson, Arnar Guðmundsson, Haraldur Bóasson, Sif Jóhannesdóttir og Yngvi Ragnar Kristjánsson. Einnig sat fundinn Reinhard Reynisson, framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð.

Áður en fundur hófst heimsóttu stjórn og framkvæmdastjóri fyrirtækið Hvannalindir ehf. að Haukamýri 4 á Húsavík og fræddust þar um starfsemi félagsins og skoðuðu framleiðsluáðstöðu þess.

Á fundi gerðist þetta:

1. Starfsáætlun 2015

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir starfsáætlun ársins sem í öllum megin atriðum er áþekkt starfsáætlunum undanfarinna ára með þeirri megin undantekningu að starfsmönnum mun fjölga um einn í næsta mánuði. Fjölgunin er vegna byggðaeftlingaverkefnis á Raufarhöfn sem rekið er í samvinnu við Byggðastofnun, Norðurþing og íbúasamtök á Raufarhöfn sem gert ráð fyrir að standi út árið 2017.

Stjórn samþykkir framlagða starfsáætlun ársins 2015.

2. Erindi Hvannalinda ehf. – ósk um hlutafjárkaup

Erindi félagsins var frestað á síðasta fundi með svofelldri bókun: „Stjórnin telur að um áhugaverða nýsköpunarstarfsemi sé að ræða og tekur vel í að kaupa hlutafé í félaginu. Áður en ákvörðun er tekin er þó óskað eftir að ársreikningur 2014 liggja fyrir þannig að m.a. sé hægt að leggja betra mat á það hvort rekstraráætlanir félagsins séu líklegar til að ganga eftir.“

Ársreikningur 2014 liggur nú fyrir og þar kemur fram að áætlanir um sölu á árinu hafa gengið eftir. Ljóst er þó að veruleg söluaukning þarf að verða á árinu 2015 til að áætlanir félagsins gangi eftir.

Stjórnin samþykkir að kaupa hlutafé í félaginu fyrir allt að 1,5 mkr. á genginu 5 sem er þá að nafnvirði kr. 300 þús. Kaupin eru háð eftirfarandi skilyrðum; i) að gengið verði frá samkomulagi um að skuldir við tengda aðila verði ekki greiddar fyrir en eigið fé félagsins nema a.m.k. sömu fjárhæð og innborgað hlutafé, þ.e. samanlagt nafnverð og yfirverð innborgaðs hlutafjár, ii) að samþykktum félagsins verði breytt þannig að stjórn þess verði skipuð þremur aðalmönnum og einum til vara og iii) að aðaleigandi félagsins styðji það að a.m.k. einn aðalmanna í stjórn verði honum óháður.

3. GáF ehf. – fundargerð hluthafafundar

Fyrir fundinum liggur fundargerð hluthafafundar GáF ehf. dags. 11. mars sl. þar sem samþykkt var að auka hlutafé félagsins þannig að það gæti gert upp skuldbindingar sínar. Í því uppgjöri er gert ráð fyrir að hlutur AP í hlutafjárukningunni verði kr. 500 þús. en að félagið muni að öðru leiti gera upp skuld sína við AP. Að loknu skuldauppgjöri félagsins munu sveitarfélögin afsala hlut sínum í því til AP og AFE í jöfnum hlutföllum og án endurgjalds.

Stjórnarmenn höfðu áður samþykkt þessa tilhögun með tölvupósti og er hún nú staðfest.

4. Aðalfundur Mývatnsstofu ehf. 25. mars nk.

Fyrir liggur fundarboð vegna aðalfundar Mývatnsstofu ehf. sem fram fer 25. mars nk.

Framkvæmdastjóra falið umboð til að sækja fundinn f.h. félagsins.

5. Aðalfundur MýSköpunar ehf. 27. mars nk.

Fyrir liggur fundarboð vegna aðalfundar MýSköpunar ehf. sem fram fer 27. mars nk.

Framkvæmdastjóra falið umboð til að sækja fundinn f.h. félagsins.

6. Málefni Aurora Observatory

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir stöðu undirbúnings vegna framkvæmda við byggingu norðurljósarannsóknarstöðvarinnar á Kárhóli í Reykjadal, en gert er ráð fyrir að framkvæmdir hefjist með vorinu og að í árslok verði unnt að koma fyrir tækjabúnaði til rannsóknanna. Formleg opnun rannsóknarstöðvarinnar er svo áætluð haustið 2016.

7. Málefni Málmís ehf.

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir erfiðri stöðu félagsins eftir að samningar um innkomu erlendra aðila í gulleit á grundvelli leyfa dótturfélags félagsins – Melmis ehf. – fóru út um þúfur. Auka þarf hlutafé félagsins þannig að það geti staðið við lágmarksskuldbindingar sínar til næstu þriggja ára á gildistíma leitarleyfa dótturfélagsins.

Náist um það samkomulag við aðra hluthafa samþykkir stjórnin að taka þátt í hlutafjáraukningu í félaginu um allt að 500 þús. í hlutfalli við skráð eignarhlutfall AP sem er 35% þannig að hlutur félagsins yrði þá allt að kr. 175.000,- og framkvæmdastjóra veitt umboð til afgreiðslu málsins f.h. félagsins.

8. Brothættar byggðir – staða mála

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir ráðningu Silju Jóhannesdóttur í starf verkefnisstjóra í byggðaeflingaverkefni á Raufarhöfn sem unnið er í samstarfi við Byggðastofnun, Norðurþing og íbúasamtök á Raufarhöfn. Verkefnistjórinn verður starfsmaður AP og er gert ráð fyrri að hann komi til starfa seinni hluta apríl.

9. Framkvæmd vaxtarsamnings á starfssvæðinu – staða mála

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir því að unnið er að sameiginlegum verklagsreglum vegna úthlutunar fjármuna úr Uppbyggingarsjóði Eypings sem tekur við hlutverki vaxtarsamninga á svæðinu ásamt menningarsamningum og fjármunum sem tilheyra sóknaráætlun landshluta. Að lokinni afgreiðslu stjórnar Eypings þurfa verklagsreglurnar að hljóta staðfestingu stýrihóps stjórnarráðsins um byggðamál.

Jafnframt er unnið að gerð eyðublaða og skýrsluforma vegna þessa nýja fyrirkomulags og vonir við það bundnar að unnt verði að auglýsa eftir styrkumsóknum úr hinum nýja sjóði fljótlega eftir páska.

Gengið verður frá sérstökum samningi milli Eyþings og AP vegna umsýslu umsókna og framfylgni við verkefni á sviði atvinnumála og nýsköpunar á starfssvæði félagsins.

Framkvæmdastjóra veitt umboð til undirritunar samningsins sem sendur verður stjórnarmönnum til kynningar þegar hann liggur efnislega fyrir.

10. Aðalfundur 2015

Samþykkt að stefna að aðalfundi félagsins mánudaginn 20 apríl nk. að Breiðumýri með fyrirvara um að ársreikningar verði frágengnir í tíma.

Rætt um tilnefningar til Hvatningarverðlaun AP og möguleg efni á málþing sem venja hefur verið að halda í tengslum við aðalfund félagsins. Stjórnarmenn munu huga að hvoru tveggja og koma hugmyndum til framkvæmdastjóra.

11. Önnur mál

Ekkert bókað undir þessum lið.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:23